

Dómarar reglugerð

Dómarastig:

Landsdómarar stig 2 eru þeir sem hafa:

- Náð landsdómara stigi 1.
- Setið námskeið um skorskráningarkerfi á vegum BFSÍ.
- Hafa staðist verklegt mat á vegum BFSÍ (verklegt mat er framkvæmt á mótum BFSÍ af kennara frá BFSÍ)

Landsdómarar stig 2 geta dæmt öll mót sem stig 1 getur. Stig 2 getur einnig skipulagt Íslandsmeistaramót og birt/gilt niðurstöður af Íslandsmetahæfum mótum.

Landsdómarar stig 1 eru þeir sem hafa:

- Náð a.m.k. 80% í skor kafla dómaraþrófsins.
- Náð a.m.k. 80% í heildar skori á dómaraþrófi BFSÍ.
- Staðist verklegt mat á vegum BFSÍ (Verklegt mat er framkvæmt á mótum BFSÍ af yfirdómara þess móts.)
- Tekið öll endurtökupróf sem þörf er á.
- Náð 16 ára aldri á árinu. (World Archery Youth Judges þurfa að vera 18-30 ára)

Landsdómarar stig 1 geta verið yfirdómarar á mótum og bera þá ábyrgð á framgangi mótanna sé samkvæmt reglum WA og BFSÍ, taka á og úrskurða í kærnum og öðru því sem geta komið upp á mótinu. Ef landsdómari er ekki að dæma á keppnissvæðinu getur það ekki talist gilt til Íslands-, Evrópu- og/eða heimsmeta. (Sjá nánar í reglum um Íslandsmet).

Aðstoðardómarar eru þeir sem hafa:

- Fengið mat dómarafulltrúa á starfhæfni til að starfa undir landsdómara.

Hugsunin á bakvið aðstoðardómara er að aðstoða minna þróuðum svæðum á Íslandi þar sem er aðeins einn landsdómari sem er einnig virkur keppandi. Aðstoðardómarinn getur þá dæmt skor landsdómara á mótinu. Staða aðstoðardómara er undanþága sem veitt er þar til 2 eða fleiri landsdómarar með virk réttindi eru á viðeigandi svæði. Að minnsta kosti 1 landsdómari verður að vera viðstaddur á keppnisstað, undir venjulegum kringumstæðum aðeins sem dómari en á minni svæðum þar sem dómari er einnig keppandi má hann ekki dæma þann flokk sem hann keppir í.

Dómarapróf og viðhald réttinda:

Dómarapróf eru aðgengileg á vefsíðu BFSÍ ásamt kennsluefni. Hver einstaklingur má aðeins taka dómaraþrófið einu sinni á ári. BFSÍ skal einnig bjóða allt árið upp á námskeið fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á dómgaeslu.

Ef prófi er náð þá gilda réttindi í 4 ár. Dómarar þurfa að standast stöðupróf á 2-4 ára fresti vegna reglubreytinga á heimspingum. Ef landsdómari hefur ekki tekið stöðupróf innan 2 mánaða frá því að þess var krafist tapar hann dómara réttindum sínum. Til að endurvekja réttindin þarf hann að taka prófið aftur.

Skyldur dómara:

Dómarar skulu:

- kynna sér dómarahandbók WA og nýjustu reglur og reglutúlkningar fyrir mótið.

- Fara yfir að búnaður keppenda sé samkvæmt reglum.
- Sjá til þess að uppsetning vallar, fjarlægðir, skotmörk o.s.frv. sé samkvæmt reglum.
- Leysa vandmál sem koma upp á mótinu.
- Sjá til þess að mótið sé rekið í samræmi við reglur BFSÍ og WA

Svipting dómaraéttinda:

Dómarar eiga á hættu að vera sviptir dómaraéttindum tímabundið eða varanlega ef:

- Dómarar koma ekki til starfa tímanlega og tilkynna ekki forföll, án gildrar ástæðu.
- Dómarar mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, án gildrar ástæðu.
- Dómarar sinna ekki skyldum sínum á mótinu.
- Dómarar sýna vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða öðrum.
- Dómarar verða uppvísir af veðmálum tengdum mótum sem þeir geta haft áhrif á.

Gjaldskrá dómara:

Mótshaldarar bera ábyrgð á greiðslum til dómara.

Landsdómari stig 2

1. Íslandsmeistaramót : 40.000.kr
2. Íslandsmót ungmenna og öldunga 40.000.kr
3. Önnur mót : 20.000.kr

Landsdómari stig 1

1. Íslandsmeistaramót : 20.000.kr
2. Íslandsmót ungmenna og öldunga 20.000.kr
3. Önnur mót : 10.000.kr

Ef mótið er ekki í heimabæ landsdómara skulu mótshaldarar greiða ferðakostnað dómarans. Ef gista þarf yfir nótt vegna móts útvega mótshaldarar gistingu fyrir landsdómara.

Skipun dómara á mót:

Á íslandsmetahæfum mótum innan BFSÍ, skal starfa einn landsdómari (stig 1 eða 2) sem yfirdómari og einn landsdómari stig 2 sem sér um birtingu og gildingu niðurstaða. Þeir bera ábyrgð á framgangi mótsins og réttum úrslitum.

Dómarafulltrúi skipar dómara á mót BFSÍ.

BFSÍ útvegar búnað og fatnað fyrir starfandi dómara. Umsókn um fatnað og búnað skal vera aðgengileg dómurum á vefsíðu sambandsins.

Heimsálfu-, og heimsdómarar:

BFSÍ greiðir ferðakostnað dómara á heims- og heimsálfudómara námskeið sem uppfylla skilyrðin hér fyrir neðan.

Sá dómari þarf að:

1. Hafa að lágmarki 2 ára reynslu við dómgæslu á íslenskum mótum á vegum BFSÍ.
2. Hafa sinnt stöðu yfirdómara á Íslandsmóti a.m.k. 5 sinnum.
3. Hafa staðist stöðupróf BFSÍ (sama próf í sama formi og Evrópu dómara þurfa að taka)
4. Hafa meðmæli meirihluta stjórnar BFSÍ.
5. Mæta kröfum alþjóða/heimsálfusambands til að sitja slíkt námskeið.

BFSÍ greiðir einnig ferðakostnað heimsálfu- og heimsdómara til að sinna dómarastörfum á mótum WA eða WAE.

Heimsálfu- og heimsdómarar fá einnig 5.000.kr á dag í upphalds kostnað á ferðum fyrir BFSÍ erlendis.